

## Að safna könnunum um samfélagslegar áskoranir

Þessi aðferð mun efla tengsl nemenda við skólasamfélagið sem og heimili þeirra þar sem þeir æfa gagnasöfnun, mælingar, að gera sjónræn línurit og læra um hvað samfélagslegar áskoranir eru mikilvægar fyrir samfélag þeirra. Á meðan á þessu stendur munu nemendur samþætta samfélagslegar áskoranir við stærðfræðináám sitt, útvíkka þekkingu sína á samfélagslegum málefnum og fræðast sérstaklega um þær samfélagslegu áskoranir sem steðja að samfélagi þeirra. Þetta verkefni styður að auki grunnstoðirnar „Að læra gegnum samræður og samskipti“ með samræðum og samskiptum“ og „Að læra með því að hugsa“ gegnum.

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta samþætt samfélagslegar áskoranir við tölur og færni í stærðfræði
- Geta safnað saman og kynnt upplýsingar um samfélagslegar áskoranir
- Geta greint hvaða samfélagslegu áskoranir eiga við þeirra samfélag
- Geta flokkað hugmyndir
- Geta notað viðmið til að skera úr um hvort tiltekin málefni teljast til samfélagslegra áskorana eða ekki.

### Tími

Tímalengd verkefnisins veltur á mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið.

Lágmarkstímisem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 35 mínútur. Tími fyrir gagnasöfnun fer eftir því hvaða aðferðir nemendur nota. Kynning á endanlegum niðurstöðum gagnasöfnunar mun taka 45 mínútur að lágmarki.

### Efni

Í kennslustofu	Blandað nám
Þar þarf könnunin að vera sýnileg nemendum á töflu.	Láttu nemendur búa til könnun í til þess gerðu verkfæri með fartölvu/spjaldtölvu: Google forms eða Microsoft form  <a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a>

### Undirbúningur

- Kynntu þér hvernig á að búa til netkönnun t.d. á Google Forms eða Microsoft Forms.

### Vinnuefni - samfélagslegar áskoranir

- Gakktu úr skugga um að nemendur þínir séu með aðgang að a.m.k. einu þessara kerfa. .
- Leyfðu nemendum að venjast netkönnunum smám saman. Þú getur byrjað að hafa eins konar kynningartíma, svo nemendur séu búi yfir grunnþekkingu áður en lengra er haldið.

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Innlögn

Útskýrðu fyrir nemendum að þeir ætli að æfa færni sína í könnunum, gagnasöfnun og gerð línurita (sem jafnframt eru tekin fyrir í stærðfræði eða einhverju öðru fagi) á sama tíma og þeir læra um samfélagslegar áskoranir. Hvaða viðfangsefni eru mikilvæg í samfélagi þeirra og hver falla undir samfélagslegar áskoranir?

### 2 Hugarflugsspurningar

Byrjaðu á hugarflugsfundi í bekknum til að fá fram hvaða spurningar nemendur gætu viljað spyrja fólk í skólanum, heima og í hverfinu til að hjálpa þeim að komast að því hvaða viðfangsefni þeim finnst mikilvæg og hvaða vandamálum fólk stendur frammi fyrir.

Búðu til lista yfir spurningar á töflu eða blaði sem nemendur geta notað. Ræddu spurningarnar og láttu nemendur hugsa vel um hvort þær eru auðskiljanlegar. Það er mögulegt að nemendur muni komast að því að þeir eru að leita að mismunandi upplýsingum. Mundu að málið er að nemendur safni saman eins mörgum mismunandi samfélagslegum áskorunum og hægt er til að hjálpa þeim að skilja hversu víðtæk og fjölbreytt þau eru.

Til dæmis:

- Hvaða samfélagslegu áskoranir skipta þig mestu máli?
- Hvaða samfélagslegu áskoranir trufla þig?
- Hvaða samfélagslegu áskoranir upplifirðu í skólanum/á heimilinu/í hverfinu?
- Hvaða samfélagslegu áskorunum viltu beita þér fyrir?
- Hvaða samfélagslegu áskoranir viltu skilja betur?

### 3 Búðu til kannanir

Paraðu nemendur saman og láttu þá byrja að búa til sínar eigin kannanir. Það fer eftir kennslustofunni og nemendum hvort þú ákveður að láta allan bekkinn spyrja sömu spurningarnar, eða hvort hvert par hafi ólíkar spurningar, o.s.frv.

Notaðu síðan könnunaraðferðirnar sem þú hefur verið að kenna þeim. Hér er kjörið tækifæri til að kenna þeim að gera netkönnun með Google Forms eða Microsoft Forms.

Láttu þá æfa sig í að spyrja spurninga, nota úrtaksaðferðina fyrst innan kennslustofunnar og hefja fyrstu gagnasöfnunina.

## Vinnuefni - samfélagslegar áskoranir

### 4 Gagnaöflun

Nú er kominn tími fyrir nemendur að fara út og safna gögnum. Hér eru nokkrir möguleikar.

1. Gefðu þeim tíma til að ganga um skólann og spyrja nemendur, kennara, starfsfólk, stjórnendur.
2. Allir nemendur ættu að fara með könnunina heim til að spyrja foreldra, afa og ömmur, systkini o.fl.
3. Skipuleggja leiðir fyrir þá til að leggja könnunina fyrir úti í samfélaginu: fara í göngutúr í nágrenni skólans; standa fyrir utan matvöruverslun og spyrja nágranna sína.

### 5 Kynning á niðurstöðum

Notaðu línuritataeknina sem þú hefur þegar verið að vinna með í kennslustofunni eða notaðu þetta sem tækifæri til að kenna nýjar aðferðir. Nemendur taka gögnin sín og búa til súlurit, kökurit, línurit o.s.frv. . Það fer eftir því hvað þú ert að vinna með nemendum hvort hægt er að gera þetta í höndunum eða stafrænt. Google Forms og aðrar stafrænar lausnir búa sjálfkrafa til gröf. (Þetta getur verið gott tækifæri til að sýna hvernig mismunandi línurit sýna gögn og ræða það).

Hægt er að nota þessar spurningar til að skapa umræður í kennslustofunni:

- Eru öll viðfangsefnin sem eru nefnd samfélagslegar áskoranir?
- Hvaða áskoranir koma oftast upp? Hvað þýðir það? Koma þau líka fram í þessu/öðru línuriti?
- Hvar koma þessar áskoranir upp?
- Á hverja hafa áskoranirnar áhrif?
- Eru áskoranir hér sem bekkurinn hefur ekki heyrt um áður?

Búðu til fréttabréf með mismunandi gögnum og línurítum til að dreifa í skólanum og deila með fjölskyldum nemenda.

\*Í kjölfarið geta nemendur kannað þessi mál frekar og þú getur notað eina af aðferðunum úr „Að læra gegnum marvisst nám” til að búa til námspátt þar sem farið er dýpra í efnið.